

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. **71**

16. marz

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

72

17. marz

um breyting á reglugerð nr. 4 2. jan. 1942, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim, sbr. lög nr. 75 27. júní 1941.

Aftan við 37. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nefndinni er heimilt að fella niður, eða draga af uppeldisstyrk til fjáreigenda, sem byggja afkomu sína að mestu eða nokkru leyti á öðru en sauðfjárrækt. Einnig má nefndin fella niður, eða draga af uppeldisstyrk, eftir því, hve miklar skattskyldar tekjur fjáreigendur hafa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. marz 1945.

Pétur Magnússon.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

73

17. marz

um holræsi og holræsagjald fyrir Blönduóshrepp.

1. gr.

Þar, sem hreppurinn hefur lálið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði, á kostnað sveitarsjóðs, eða þar sem hreppurinn hefur keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, er hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsanet hreppsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

73

17. marz

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 10 — tíu — pro mille af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús 40 — fjörutíu — krónur.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðsrétti í húsi og öðrum mannvirkjum húseiganda, svo og lóð húseiganda, ef hún er eignarlóð hans, næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjaldalagi holræsagjalds er 1. október ár hvert, en kostnaður við lagningu holræsa greiðist að lög lokinni.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

74

20. marz

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppprot eða óspektir ekki eiga sér stað. Menn mega ekki byrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi, svæði, er almenningur fer um eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvellir, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingahús, almennar knattborðsstofur, afgreiðslustaði bifreiða, leikhús, önnur samkomuhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur og önnur samkomuhús, þar sem opinber eða almenn afgreiðsla fer fram eða umferð um, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, er við á.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sér eftir þeim fyrirætlum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

2. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra eða hafa annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem getur raskað allsherjarreglu eða ónáðað þá, er um fara eða nálægt búa.